



TÍMAHYLKIÐ

Laugardaginn 18. september opnar sýningin TÍMAHYLKIÐ í Safnasafninu. Á sýningunni verða verk nemenda í grunn- og leikskóla, verk sem unnin eru út frá upplifun nemenda á daglegt líf á tímum COVID og þau áhrif sem við verðum fyrir í daglegu lífi okkar. Nemendur hafa skoðað söguna og hvernig vírusar hafa haft áhrif á líf manna um leið og þau hönnuðu tímalínu sem útskýrir sögulegt samhengi. Þá hafa nemendur teiknað veiruna út frá þeirra hugmyndum, skrifað um veiruna og gert listaverk. Allt verður þetta til sýnis á sýningunni í Safnasafninu. Nemendur í Vinnuskólanum taka einnig þátt og þeirra verk er stórt og umfangsmikið. Þau ætla að ljósmynda alla íbúa Svalbarðsstrandarhrepps á þessum tímum. Ljósmyndir, listaverk og áhugaverðir munir verða settir í kassa sem kallaður er tímahylki, vandlega verður búið um munina og þeir geymdir um óákveðinn tíma. Nemendur Valsárskóla eiga eftir að ákveða hvenær tímahylkið verður opnað aftur en þangað til verður það varðveitt hjá Minjasafninu á Akureyri.



Næstu daga geta íbúar því átt von á hringingu frá nemendum Vinnuskólans þar sem þeir óska eftir samþykki fyrir því að teknar séu ljósmyndir og tími ákveðinn til myndatöku. Nemendur fengu stutt námskeið um ljósmyndun á farsíma og fara nú af stað með nýfengna þekkingu og ljósmynda íbúa hreppsins. Sagan hefur sýnt okkur að ljósmyndir frá fyrri tíma hafa oft mikla og áhugaverða sögu að segja okkur í samtímanum.

Vonandi takið þið vel á móti þessum sagnfræðingum framtíðar sem eru að velta fyrir sér varveislu mynda, frásagna og upplifunar einstaklinga á tímum COVID.

BRYGGJUHÁTÍÐ AFLÝST

Vegna stöðu Covid-faraldursins hefur kvéfélagið ákveðið að því miður verði ekkert af fyrirhugaðri Bryggjuhátíð, annað árið í röð. Við vonum að aðstæður verði betri til samkomuhalds á næsta ári.


UMGENGNI Á GÁMASVÆÐI

STRÖNDUNGAR VIÐ GETUM GERT BETUR!

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að bæta aðstöðu, auðvelda flokkun og efla vitund og þátttöku íbúa þegar kemur að sorphirðu í Svalbarðsstrandarhreppi. Hreinsunardagar eru haldnir, upplýsingar eru um flokkun á heimasíðu hreppsins, hverju heimili eru lagðar til tvær 240 l tunnur fyrir almennt sorp og endurvinnanlegan úrgang auk þess sem lífrænum úrgangi er safnað. Auk þess er tekið á móti 16 flokkum sorps á gámasvæðinu á Svalbarðseyri og íbúar hafa aðgang að svæðinu með aðgangslýkli í síma. Yfir sumarmánuðina höfum við bætt við tunnu fyrir lífrænt sorp á gámasvæðinu þannig að gestir og eigendur sumarhúsa geti skilað lífrænu sorpi á rétta stað. Íbúar og eigendur sumarhúsa geta sótt um aðgang að gámasvæðinu á Svalbarðseyri á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps svalbardsstrond.is.

Gert er ráð fyrir að gámasvæði við Veigastaðaveg verði í framtíðinni með aðgangsstýringu eins og svæðið á Svalbarðseyri.

Síðustu vikur hefur borið á slæmri umgengni á báðum gámasvæðum þar sem ekki er farið eftir flokkun, einum blandað saman og umgengni sóðaleg. Ekkert afsakar þessa umgengni um gámasvæðin og sárt fyrir þá sem leggja metnað sinn í að flokka og skila skilmerkilega á rétta staði að fáir eyðileggi þá vinnu sem aðrir leggja á sig.




Það er mikilvægt að við skipuleggjum ferð á gámasvæðið strax heimavið og ákveðum í hvaða flokk hlutir eiga að fara. Þetta er vani – eitthvað sem við þurfum að læra og laga okkur að, flóknara er það ekki. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðunni og ekki boðlegt að eyðileggja þá vinnu sem aðrir leggja á sig við flokkun og vilja tryggja að verðmæti varðveitist þó í gáma séu komin.

Þegar bylgjupappa er blandað saman við almennt heimilissorp í gáma eða heimilissorpi saman við bylgjupappa þá verður að urða úrganginn sem kostar sveitarfélagið allt að 30 krónur á kílóíð. Sé pappanum safnað í sér gám þá greiðir sveitarfélagið 0 krónur á kílóíð.

Sömu sögu er að segja af fleiri úrgangsflokkum. Sé t.d raftækjum hennit í gám fyrir almennan heimilisúrgang verður að flokka allt innihaldið með tilheyrandi kostnaði þar sem bannað er skv. lögum að urða raftæki. Kostnaður við flokkun eru 40 krónur á kíló.

Það eru orð að sönnu að bæði umhverfislegur og fjárhaglegur ávinningur fæst með því að flokka í þartilgerð ílát þann úrgang sem við getum ekki nýtt.

Hugsum þegar við kaupum og hugsum áður en við hendum



STÓR RAFMAGNSTÆKI!

Hér er gámurinn merktur en það virðist ekki hjálpa til þegar ráðvilltur flokkari birtist með gaddavír, plast, reiðhjól og umbúðir utan af Royal-búðing – auk alls hins draslsins sem fleygt var í gáminn

Við getum öll gert betur og eins og sjá má á meðfylgjandi myndum af gámasvæðinu þarf oft ekki annað en að lesa á upplýsingaskiltið og setja úrganginn á réttan stað – gámurinn er til og bíður, það þarf **BARA AÐ SETJA Í RÉTTAN GÁM!**



FRÁ VALSÁRSKÓLA

Valsárskóli verður settur mánudaginn 23. ágúst 2021. Ekki er ljóst þegar þessar línur eru skrifaðar hvort og hvernig sóttvarnarreglur munu hafa áhrif á skólastarfið í haust og vetur.

Nokkrar framkvæmdir hafa verið í skólanum í sumar og verða áfram í haust og vetur. Verkfræðistofan EFLA vinnur að hönnun á loftræstikerfi í skólanum og gæti uppsetning á kerfinu valdið einhverju raski í skólastarfinu.

Loftræstikerfinu er ætlað að bæta loftgæði í skólanum en mælingar hafa sýnt að loftskipti eru ekki nægileg og þar af leiðandi eru loftgæði ekki góð. Við erum vön að fást við margs konar áskoranir og munum leysa uppsetningarvinnu loftræstikerfisins í skólanum jafn óðum og tryggja að hún hafi ekki áhrif á skólastarfið umfram þau svæði þar sem unnið er.

Í vor voru tekin sýni í skólanum af þaki, lofti, veggjum og dúkum vegna gruns um skemmdir. Sýnin voru skoðuð í víðsjá og tekin til smásjárskoðunar. Sýnin sýndu í fimm af fjórtán tilvikum merki um myglu, allt frá loftplötum, borðaklæðningu og sperrum í þakrými auk þess sem hluti sýnis á gólfdukk í Bókasafni reyndist myglaður. Í kjölfarið er búið að hreinsa þau svæði þar sem ummerki fundust og fara í framkvæmdir á Bókasafninu. Húsgögnum, öðrum en bókaskápum sem taka ekki í sig myglu, var hent, bókum eytt, gólfdukkur tekinn upp og á næstu dögum verður gólf í Bókasafni flotað. Búningum og fleira dóti sem var uppi á lofti var hent og loftið var hreinsað eftir leiðbeiningum frá EFLU. Hlæra á gangi og að þakrými verður lokað og geymslusvæðið í þakrýminu aflagt.

Það sem var sárast var að við þurfum að henda öllum bókum af bókasafninu. Ákveðið var að losa allt út af Bókasafninu og hreinsa rýmið og gera meira en minna í þessum framkvæmdum. Það er ljóst að við þurfum að byggja upp bókakost smátt og smátt og verður það verkefni til næstu mánaða og ára. Verkfræðistofan EFLA er að vinna þetta verkefni, markmiðið er að bæta loftgæði í skólanum og förum við eftir ráðleggingum EFLU í einu og öllu.

Áður var búið að gera upp kaffistofu kennara, vinnuástöðu kennara, vestur forstofu og kennslustofuna Dropa.

NÆSTU RUSLADAGAR

- 19. ágúst - Almennt/lífrænt sorp
- 2. september - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
- 16. september - Almennt/lífrænt sorp